

BLACKBERRY CLIENT NOTENDASKILMÁLAR

Þessi Client hugbúnaður („**BES Client**“) er þjónusta veitt af BlackBerry Limited dótturfélögum þess eða einum af samstarfsaðilum þess („**BLACKBERRY**“) og er einungis ætlaður til notkunar í sambandi hugbúnaðakerfi og þjóna þess („**Server Software**“), sem ásamt Client og forritastjórnun, eins og nánar útskýrt neðar (skal saman nefnt „**Client Software**“) er vísað hér til sem „**Solution**“.

Til að setja upp, virkja eða nota einhvern hluta af Hugbúnaði viðskiptamanns („**Client Software**“) verður þú fyrst (a): að hafa (i) gefið BLACKBERRY til kynna samþykki þitt á BlackBerry Solution License Agreement fyrir Solution, þar með talið allar viðbótaskyldur eða aukaskilmála sem eru tengdir Solution („**BBSLA**“) á þínum vegum; og, (ii) ef þess er krafist fyrir þitt Solution, eignast og borgað leyfisgjöld, ef einhver eru, fyrir aðgangsheimild til að setja upp, virkja og nota slíkan Hugbúnað viðskiptamanns í tækinu þínu; eða (b) hafa leyfi til að setja upp, virkja og nota Hugbúnað viðskiptamanns fyrir hönd atvinnuveitanda þíns eða annarra lögaðila („**Licensed Entity**“) sem hefur: (i) samþykkt BBSLA, (ii) hefur kynnt fyrir þér notendaskilmálana sem fylgja notkun á Hugbúnaði viðskiptamanns samkvæmt BBSLA, (iii) samþykkt að vera ábyrgur fyrir notkun þinni á Hugbúnaði viðskiptamanns; og (iv), ef þess er krafist fyrir Solution þíns lögaðila, eignast og borgað gjöld, ef einhver eru, fyrir aðgangsheimild til að setja upp, virkja og nota slíkan Hugbúnað viðskiptamanns í tækinu þínu.

Fyrirtæki þitt getur notað „**Solution**“ til að framkvæma hreyfanlega hugbúnaðarstjórnun („**MAM**“) með því að gera hugbúnað tiltækan fyrir þig sem er hannaður til að keyra annað hvort á persónulegu svæði eða á vinnusvæði tækis þíns („**Managed Applications**“) þar á meðal hugbúnaðarforrit sem veitt eru af þriðja aðila og slík forrit eru talin sem hugbúnaður þriðja aðila samkvæmt BBSLA. Hugbúnaður þriðja aðila getur innihaldið viðbótarskyldur og skilmála milli þín eða lögaðila og þess sem veitir hugbúnað þriðja aðila og notkun hans. BLACKBERRY er ekki ábyrgt fyrir hugbúnaði þriðja aðila og allar fyrirspurnir eða áhyggjuefni tengd slíkum forritum skulu berast þeim sem er ábyrgur fyrir slíkum hugbúnaði.

Fyrirtæki þitt getur notað „**Solution**“ til að framkvæma aðgerðir hreyfanlegrar tækjastjórnunar („**MDM**“) á tæki þínu, þar á meðal safnað persónuupplýsingum. Fyrirtæki þitt er ábyrgt fyrir söfnun, vinnslu, notkun og stjórnun allra upplýsinga sem safnað er með því að nota „**Solution**“.

Ef þú nærð í Hugbúnað viðskiptamanns frá iTunes búð Apple, þá gerir þú þér grein fyrir og samþykkir einnig, auk skilmálana ofangreindra skilmála, fyrir hönd sérhvers lögaðila sem þú hefur umboð til að setja upp, virkja og nota Hugbúnað viðskiptamanns, eða fyrir þína eigin hönd, að (i) Apple ber enga ábyrgð á Hugbúnaði viðskiptamanns, hvorki getu hans, viðhaldi né þjónustu, né ábyrgð á kröfum frá þriðja aðila um að slíkur Hugbúnaður viðskiptamanns brjóti á hugverkaréttindum hans. Ef að Hugbúnaður viðskiptamanns uppfyllir ekki skilyrði ábyrgðarinnar þá getur þú haft samband við Apple og Apple mun þá endurgreiða söluupphæð slíks hugbúnaðar, ef einhver var, og upp að hámarki þess sem samþykkt er af gildandi lögum, Apple ber engin skylda til frekari ábyrgðar í tengslum við Hugbúnað viðskiptamanns. (ii) Þú samþykkir einnig, hvað viðkemur Hugbúnaði viðskiptamanns sem gerður er aðgengilegur af BLACKBERRY í gegnum iTunes búð Apple, að Apple og dótturfélög þess koma að þessum skilmálum sem þriðju

aðilar og hafa þar með rétt til að (og eru álitin hafa samþykkt rétt til að) fylgja eftir þessum skilmálum sem þriðju aðilar.

MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á “SAMÞYKKJA SKILMÁLA” HÉR FYRIR NEÐAN EÐA MEÐ ÞVÍ AÐ SETJA UPP, VIRKJA, EÐA NOTA EITTHVAÐ AF HUGBÚNAÐU VIÐSKIPTAMANNS, HEFUR ÞÚ GENGIST UNDIR AÐ HAFA LESIÐ OG SKILIÐ SKILMÁLANNA OG SAMÞYKKT AÐ VERA BUNDINN OG FARA EFTIR ÞESSUM SKILMÁLUM OG GEFIÐ BLACKBERRY SAMÞYKKI FYRIR ÞVÍ AÐ SKILMÁLUNUM SAMKVÆMT MÁLSGREIN a) EÐA b) HÉR FYRIR OFAN HAFI VERIÐ FULLNÆGT; ÞÚ SAMÞYKKIR AÐ SKILMÁLUM Í (a) EÐA (b) HÉR AÐ OFAN SÉ FULLNÆGT. **EF ÞÚ ERT EKKI TILBÚINN TIL AÐ SAMÞYKKJA ÞESSA SKILMÁLA OG SKILYRÐI, FYRIRGERIRÐU RÉTT ÞÍNUM TIL AÐ SETJA UPP, VIRKJA EÐA NOTA HUGBÚNAÐ VIÐSKIPTAMANNS.**